

Galtastaðir fram í Hróarstungum



Galtastaðir fram, bæjardyr t.v. og fjósbaðstofa t.h. GLH 2005.

Byggingarár: Fjósbaðstofa reist 1882 en aðrir hlutar bæjarins eru eldri.


Hönnuður: Jón Magnússon snikkari.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1976.


Galtastaðir fram er torfbær, um 23 m að lengd og 15 m á breidd. Bæjarhús eru átta og er skipað niður í tvær húsaræðir. Framhús eru, talin frá suðri; skemma, bæjardyr, fjósbaðstofa og byrgi nyrst, portbyggð nema byrgi. Vestur úr bæjardyrum eru bæjargöng sem kvíslast í suður að hlóðaeldhúsi og til norðurs að búri. Norður úr bæjardyrum eru göng að piltahúsi og er fjós inn af því. Í piltahúsi er stigi upp í fjósbaðstofu sem er skipt með þverþili. Úr fjósi eru fjósgöng norður í byrgi og vestur af því er hlaða. Neðri hluti veggja er hlaðinn úr grjóti og streng en efri hluti úr streng eingöngu og gaffhlöð úr klömbruhnaus. Á húsunum eru risþök, en skúrþak er á byrgi, og á þeim torfþekja. Timburþil klædd listapili eru á tveimur húsum; framstöfnum skemmu og bæjardyra, en gaflar og gaffhlöð annarra hús eru hlaðin.

Dyr eru á miðju skemmupili og þriggja rúðu gluggi uppi yfir þeim á gafflhlaði. Útidyr eru á bæjardyrþili sunnarlega, einnar rúðu gluggi til hliðar við þær og þriggja rúðu gluggi á miðju gafflhlaði. Á framhlið baðstofuhússu eru tveir sex rúðu gluggar með miðpósti, annar á piltahúsi og hinn á fjósi, og þrjár kvistgluggar á þekjunni með tveggja rúðu gluggum; tveir á baðstofu og einn á kamesi í norðurenda. Dyr eru á byrgi og á þeim lítill gluggi og tveggja rúðu gluggi er á gafflhlaði búrs að vestanverðu. Við suðurhlið bæjarins er einlyft timburhús með skúrþaki, klætt plötum á veggjum og bárujárnri á þaki. Innangengt er í húsið úr hlóðaeldhúsi. Norður af bænum eru fjárhús og hlaða hlaðin úr torfi og grjóti og með bárujárnþaki.

Í bæjardyrum eru torfveggir, stigi liggur upp á bæjardyraloft sem klætt er standþiljum og reisisúð á langböndum og sperrum. Piltahús, baðstofa og kames eru klædd standþiljum og spjaldapili. Yfir piltahúsi og fjósi er borðaklætt loft á bitum. Í baðstofu og kamesi er reisisúð á langböndum og sperrum. Í öðrum húsum bæjarins eru veggir óklæddir og hlaðnir úr grjóti og torfi. Yfir bæjargöngum og byrgi eru raftar á milli veggja og reiðingur yfir. Portloft er yfir innri hluta búrs og reisisúð á langböndum og sperrum en gisin borð á sperrum í hlóðaeldhúsi. Bæjarhúsin eru ómálud að innan.




áantrahild



áantrahild



GALTASTADIR FRAM
HROARSTUNGU
NORÐUR-MÚLASÝSLU
ÍSLANDI
MÆLT SUMARÍÐ 1968
BKV NTH



GALTASTADIR FRAM
HROARSTUNGU
NORÐUR-MÚLASÝSLU
ÍSLANDI
MÆLT SUMARÍÐ 1968
BKV NTH

Galtastadir fram, grunnmynd og útlit. Teikningar Hjörleifs Stefánssonar arkitekts.

Galtastaðir fram, nærfjánhús



Galtastaðir fram, fjánhús og hlaða

